

Nr. 007 / 12 Hákon Tómasson GK 226***Brotnar og rekur upp í fjöru***

Skipaskr.nr. 5871
Smíðaður: Stykkishólmi 1978, Fura og eik
Stærð: 2,9 brl. 4,1 bt.
Mesta lengd: 7,79 m Skráð lengd: 7,53 m
Breidd: 2,36 m Dýpt: 0,92 m
Vél: Sabb 19 kW, 1987
Fjöldi skipverja:



Hákon Tómasson©Þóroddur S Guðlaugsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Hákon Tómasson GK 226 lá við legufæri (bóli) á Busthúsalegu norðan Hvalsnes á Reykjanesi. Veður í Sandgerði síðdegis og að kvöldi 10. og aðfararnótt 11. janúar: V 20 – 23 m/sek og hviður allt að 33 m/sek Ölduhæð á Garðskagaduflí 9 – 11 m.

Báturinn hafði legið þarna um nokkurn tíma og hafði eigandinn eftirlit með honum frá heimili sínu skammt frá. Þegar gætt var að bátnum í birtingu þann 11. janúar 2011 hafði hann rekið upp í fjöruna, brotnað mikið og meðal annars vantaði í hann framstefnið.

Við rannsókn kom fram:

- að Busthúsalega er fornt útræði þar sem bátar hafa verið látnir liggja á milli sjóferða;
- að framstefnið er úr 2x6'' eik frágengið á hefðbundinn hátt með saumi í byrðing og boltað í hnífílkrappa til að festa við borðstokk. Neðarlega á stefninu var baula utan um það en auga var að utanverðu þar sem legufærunum var lásað í;
- að þegar að var komið voru legufærin óskemmd og stefnið allt niður undir kjöl fast við þau.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.